

Ed.

568. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. febrúar 1940, um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Aftan við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist: Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum.

Ástæður.

Frv. þetta er flutt í samráði við félagsmálaráðherra, og felur í sér nauðsynlega breytingu á l. um stríðstryggingafélag ísl. skipshafna.